

Miðvikudaginn 22. maí 1996 kl. 10:00

74. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 24/1996

**Kvörtun björgunarsveitarinnar Berserkja yfir notkun Landsbjargar
á undirtitlinum landssambandi björgunarsveita.**

I.

Erindið

Með símbrefi, þann 20. febrúar 1996, óskaði björgunarsveitin Berserkir í Stykkishólmi eftir álitum Samkeppnisstofnunar á fréttatilkynningu Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, um sölu á plástri. Í bréfinu sagði:

„Við óskum eftir álitum Samkeppnisstofnunar á því hvort farið er á svig við lög og reglugerðir með auglýsingu Landsbjargar um sölu á plástri þar sem talað er um að hagnaður af sölnni renni til eflingar björgunarstarfs um allt land. Þess ber að geta að Landsbjörg skipa um það bil 30 hjálparsvéitir en Slysavarnafélagið hefur um 90 björgunarsveitir innan sinna vébanda.“

Samkeppnisstofnun óskaði eftir frekari rökstuðningi frá björgunarsveitinni og barst hann í formlegu erindi, dags. 1. mars 1996. Í erindinu er kvartað yfir notkun Landsbjargar á undirtitlinum landssambandi björgunarsveita og segir m.a.:

„Þar sem undir merkjum Landsbjargar starfa innan við 30 hjálpar- og björgunarsveitir, en innan Slysavarnafélags starfa yfir 90 björgunarsveitir, teljum við að þegar auglýst er „Landsbjörg, landssamband björgunarsveita“ í sambandi við fjáraflanir og sölu ýmiskonar, telji allur almenningur sig vera að styðja við allar björgunarsveitir í landinu en ekki einungis 1/4 þeirra! Þannig teljum við að Berserkir og aðrar björgunarsveitir SVFÍ skaðist fjárhagslega þegar auglýst er „Landsbjörg, landssamband björgunarsveita“. Förum við þess á leit að undirtitillinn „landssamband björgunarsveita“ verði felldur út hjá Landsbjörg.“

Björgunarsveitin telur að með undirtitlinum sé vísvitandi verið að höfða til almennings á fölskum forsendum og nefnir sem dæmi að í fréttatilkynningu Landsbjargar um sölu á plástri komi fram að hagnaður af sölnni renni til eflingar björgunarstarfs um allt land. Í reynd séu það aðeins innan við 30 sveitir Landsbjargar sem njóti góðs af sölnni en 90 sveitir Slysavarnafélagsins njóti einskis.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi björgunarsveitarinnar Berserkja var sent Landsbjörgu þann 8. mars sl. Svar Landsbjargar er dagsett 29. mars 1996 en þar segir m.a.:

„Landsbjörg Landssamband björgunarsveita er skrásett vörumerki með skráningarvottorði einkaleyfa og vörumerkjaskrár frá 31. október 1991, og merki (logo) Landsbjargar eru skráð á sama hátt með skráningu 29. apríl 1992. Landsbjörg er landssamband björgunarsveita með aðildarsveitir í öllum landsfjórðungum.“

Jafnframt kemur fram að nafnið Landsbjörg sé alltaf notað með undirtitlinum landssambandi björgunarsveita og því ætti ekki að vera hætta á að stuðningsmenn teldu sig vera að styrkja einhvern annan. Og síðan segir:

„Þegar Landsbjörg landssamband björgunarsveita auglýsir, að styrkur til samtakanna í einu eða öðru formi sé til eflingar á björgunarstarfi á Íslandi er ekkert ofsagt þar. Það hefur hvergi verið kynnt eða auglýst að með styrk til Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, sé verið að styrkja allar björgunarsveitir landsins eða allt björgunarstarf á Íslandi. Þar höldum við að misskilningur fyrirspyrjanda liggi. Styrkur til Landsbjargar, landssambands björgunarsveita rennur til eflingar á björgunarstarfi í landinu. Það er mergur málsins.“

2.

Hinn 1. apríl var bréf Landsbjargar sent björgunarsveitinni til umsagnar og barst svar þeirra með bréfi, dags. 11. apríl 1996. Þar kemur fram að á árinu

1991 hafi Slysavarnafélag Íslands fengið merki sitt ásamt undirtitlinum „Lands-sambandi Björgunarsveita“ skráð hjá Einkaleyfa- og vörumerkjaskrá. Níu mánuðum síðar hafi Landsbjörg skráð sitt nafn ásamt undirtitlinum. Telur björgunarsveitin að skráning Slysavarnafélagsins veiti því einkaleyfi á notkun undirtitilsins og að Landsbjörg hefði átt að fá vitneskju um skráninguna. Það hafi því verið mistök að þeim tókst að skrá undirtitil sinn. Þá segir:

„Einnig viljum við benda á að þeir aðilar sem stofnuðu Landsbjörg hétu áður Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita, en hjá SVFÍ hefur alla tíð frá stofnun þess 1928 verið talað um björgunarsveitir, þannig að á meðal almennings eru björgunarsveitir og landssamband björgunarsveita eitt og það sama.“

3.

Bréf björgunarsveitarinnar, dags. 11. apríl 1996, var sent Landsbjörgu til umsagnar hinn 22. apríl 1996. Svar Landsbjargar er dagsett 29. apríl 1996 og þar segir m.a.:

„Bréf þeirra Berserkjamanna er fullt af misskilningi og eða vanþekkingu á því málefni sem þeir eru að kvarta yfir.“

Það kemur hvergi fram í mínu bréfi að Landsbjörg Landssamband björgunarsveita hafi fengist skráð sem einkaleyfi 31. október 1991, heldur stendur skýrum stöfum að það hafi fengist skráð sem skrásett vörumerki.

Það er rétt að Slysavarnafélag Íslands fékk sama ár skrásett vörumerkið Landssamband björgunarsveita. Í báðum tilfellum á það við að ekki er um einkaleyfi á nafninu Landssamband björgunarsveita að ræða.

Nafnið Landssamband björgunarsveita er alltof almennt nafn til að einhver einn aðili geti fengið það skráð sem einkaleyfi. Það vita forráðamenn Slysavarnafélags Íslands sem reyndu að fá skráningu okkar á Landsbjörgu Lands-sambandi björgunarsveita hnekt á sínum tíma.“

Þá efast Landsbjörg um að björgunarsveitin hafi umboð til þessa málareksturs fyrir hönd Slysavarnafélagsins og telur að Samkeppnisstofnun eigi að vísa málinu frá.

III. Niðurstöður

Í lokabréfi Landsbjargar er heimild björgunarsveitarinnar til þess að annast málarekstur fyrir Slysavarnafélagið dregin í efa. Samkeppnisstofnun barst bréf frá Slysavarnafélaginu, dags. 13. maí 1996, þar sem segir:

„Á fundi stjórnar Slysavarnafélags Íslands sem haldinn var í Reykjavík 11. maí sl. var gerð eftirfarandi bókun: „Vegna fyrirspurnar Samkeppnisstofnunar um erindi björgunarsveitarinnar Berserkja, Stykkishólmi, vill stjórn taka fram að nefnd björgunarsveit hefur fullt sjálfstæði til að koma fram fyrir hönd björgunarsveita Slysavarnafélagsins.““

Í erindi björgunarsveitarinnar er þess krafist að Landsbjörg hætti að nota undirtitilinn landssamband björgunarsveita. Rökin fyrir því eru annars vegar þau að Slysavarnafélagið hafi einkarétt á notkun undirtitilsins og er þar vísað til skráningar í Vörumerkjaskrá og hins vegar til þess að notkun Landsbjargar á undirtitlinum geti valdið misskilningi hjá almenningi, sem gæti talið sig vera að styrkja björgunarsveit sem ekki sé aðili að Landsbjörgu.

Í erindi björgunarsveitarinnar er ekki vísað til lagagreina í samkeppnislögum en að mati Samkeppnisstofnunar koma helst til álita 25. og 21. gr.

25. grein samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir m.a. um 25. grein:

„Ákvæðið hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni sem annar á (firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt). Réttur til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf t.d. lögum um vörumerki nr. 47/1968...“

Rétturinn til að nota eigin auðkenni er með ákvæðum 2. málsl. greinarinnar takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Tekur þetta ákvæði til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málsl.“

Í 5. tölublaði Vörumerkja og einkaleyfatíðinda, árið 1991, er merki Slysavarnafélagsins skráð ásamt undirtitlinum Landsambandi Björgunarsveita. Er skráningin merkt sem nr. 61/1991.

Í 2. tölublaði Vörumerkja og einkaleyfatíðinda, árið 1992, er merki Landsbjargar skráð ásamt undirtitlinum Landssamband björgunarsveita. Sú skráning er merkt sem nr. 1207/1991.

Í báðum tilvikum snýr skráningin fyrst og fremst að merkjum félaganna og notkun á undirtitli til frekari skýringar. Báðar skráningarnar eru framkvæmdar á lögumhátt og eru því gildar og jafn réttháar sem skrásett vörumerki. Hvort félag um sig hefur einkarétt til notkunar á sínu merki með undirtitlinum landssambandi björgunarsveita. Að mati Samkeppnisráðs er ekki hætt á að notkun Landsbjargar á merki sínu og undirtitlinum landssambandi björgunarsveita sé til þess fallið að villst verði á því og merki Slysavarnafélagsins. Á því 25. gr. samkeppnislaga ekki hér við.

21. gr. samkeppnislaga hljóðar svo:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.

Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Slysavarnafélagið og Landsbjörg eru landssamtök ýmissa björgunarsveita. Samkvæmt skráningu í vörumerkjaskrá hafa bæði samtökin heimild til þess að nota undirtitilinn landssamband björgunarsveita. Að mati Samkeppnisráðs er ekki hætt á að undirtitill Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, sé villandi eða geti valdið misskilningi svo fremi að hann sé notaður með nafni félagsins. Af því leiðir að 21. gr. samkeppnislaga á hér ekki við.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að notkun Landsbjargar á undirtitlinum landssambandi björgunarsveita brjóti ekki gegn 21. og 25. grein samkeppnislaga.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 10/1996](#)]